



Alþingi
Erindi nr. P 135/176/
komudagur 11. 3. 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2008
Tilvísun: 200802-0024

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Loftslagsráð, 62. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um Loftslagsráð, 62. mál.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að stofnað verði sérstakt Loftslagsráð, sem verði m.a. umræðu- og samráðsvettvangur um leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Loftslagsbreytingar af mannavöldum, vegna útblásturs gróðurhúsalofttegunda er talin ein mesta samfélagslega og efnahagslega ógnin sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir. Afleiðingar þeirra munu gæta um allan heim og bitna mest á launafólki og einstaklingum sem standa höllum fæti.

Ísland, eins og önnur iðnríki, ber skylda til þess að fara fremst í flokki í baráttunni við loftslagsbreytingarnar m.a. með því að draga verulega úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Evrópusambandið hefur lagt fram metnaðarfullar tillögur um aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum og munum við Íslendingar verða að undirgangast ákvarðanir sambandsins á grundvelli EES-samningsins. Ljóst er að áhrifa loftslagsbreytinga og aðgerða til að sporna við þeim mun hafa víðtæk áhrif hér á landi, ekki einungis efnahagsleg áhrif heldur jafnframt veruleg áhrif á samfélagið og atvinnulífið.

Á þessari stundu liggur fátt fyrir um hver þessi áhrif raunverulega verða, hversu umfangsmikil þau verði, hverjir verði fyrir þeim né hverjir komi til með að bera kostnaðinn af þeim. Umræðan um þessi mál hefur til þessa nær eingöngu verið innan þröngs hóps fólks og nánast einskorðast við ákveðna umhverfisþætti og áhrif á náttúruna og lífríkið, en minna hefur verið fjallað um afleidd áhrif breytinganna á samfélagið, atvinnulífið og efnahagslífið.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að fram fari sem fyrst, opin umræða um áhrif loftslagsbreytinganna og viðbrögðum við þeim, út frá víðu sjónarhorni þar sem greind verði áhrifin á íslenskt samfélag, atvinnulíf og efnahagslíf. Mikilvægt er að svara spurningum um það hvaða afleiðingar breytingarnar

muni hafa, hverjir verði fyrir þeim, hvernig eigi að aðstoða launafólk og atvinnulífið við að takast á við þær og hvernig eigi að skipta kostnaðinum.

Alþýðusambandið fagnar tillögu um stofnun breiðs umræðu- og samráðsvettvangs um loftslagsbreytingar og leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Alþýðusambandið er hins vegar ekki að öllu leyti sammála því sem fram kemur í greinagerðinni með frumvarpinu og getur því ekki tekið undir hana.

F.h. Alþýðusambands Íslands

A handwritten signature in black ink, reading "Ingunn S. Þorsteinsdóttir", written over a horizontal line.

Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur